



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAFRÚ HEIÐRUÐ Í BERLÍN

Í gær, fimmtudaginn 7. mars, var Eliza Reid forsetafrú sæmd heiðursverðlaunum ISAW samtakanna til framúrskarandi kvenna og hlaut hún þau fyrir stuðning við sjálfbæra þróun. Verðlaunin voru veitt í samstarfi við samtök ferðablaðamanna á Kyrrahafssvæðinu, Pacific Area Travel Writers Association, í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars.

Institute of South Asian Woman (ISAW) eru alþjóðleg góðgerðasamtök með aðsetur í Indlandi sem vinna að málefnum til stuðnings konum og stúlkum í löndum í Suður-Asíu, einkum Afganistan, Bangladess, Bútan, Indlandi, Maldíveyjum, Nepal, Pakistan og Srí Lanka.

Forsetafrúin hefur undanfarna daga tekið þátt í alþjóðlegri ferðasýningu í Berlín og ávarpað gesti hennar.

8. mars 2019

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).